

Staðgengilstrygging er hóptrygging sem bætir kostnað við afleysingafólk eða aðkeypta þjónustu vegna afleiðinga slyss eða langvarandi veikinda váttryggðs rekstraraðila.

Váttryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í váttryggingarskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna aukins rekstrarkostnaðar sem sannanlega fellur til vegna afleysingafólks, aðkeyptrar þjónustu eða sambærilegra útgjalda, sem eingöngu eru komin til vegna starfsorkumissis hins váttryggða af völdum slyss eða sjúkdóms. Skilyrði bótaréttar er að váttryggður hafi verið óvinnufær að lágmarki 50% í þrjá mánuði samfellt og greiðast þá bætur að loknum biðtíma að hámarki í þann bótatíma sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini.

3. gr. Undanþágur

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Vinnu váttryggðs sjálfs, maka hans eða félags í eigu þeirra.
- Vinnu maka váttryggðs og barna hans eða annarra sem búsettir eru á heimilinu, né heldur félags í eigu einhvers þeirra, nema að þau hafi ekki komið að daglegum búrekstri váttryggðs fyrir tjónsatburð og hafi sannanlega þurft að hverfa úr öðru starfi til að sinna störfum við reksturinn.
- Vinnu einstaklings eða félags, sem var í vinnusambandi við váttryggðan áður en starfsorkumissir kom til og er ekki sérstaklega til kominn vegna óvinnufærni váttryggðs.
- Slysa sem urðu áður en váttryggingin tók gildi gagnvart váttryggðum og hvers kyns sjúkdóma, sem sýnt höfðu einkenni fyrir það tímamark og honum var eða mátti vera kunnugt um, hvort sem formleg greining hafi átt sér stað eða ekki. Þessi undanþága á aðeins við fyrstu 24 mánuðina frá því að váttryggingin tók gildi gagnvart váttryggðum.
- Slyss sem váttryggður verður fyrir í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss eða sjúkdóms sem einhverju leyti rekja má til neyslu áfengis, deyfi- eða eiturlyfja, nema váttryggður sýni fram á að engin tengsl séu þar á milli.
- Meðgöngu, fæðingar eða fósturláts, nema starfsorkumissir sé af völdum fylgikvilla.
- Andláts.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Mánaðarlegar bætur, sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini, greiðast í hlutfalli við starfsorkumissi 50% eða meiri. Engar bætur greiðast fyrir minni starfsorkumissi. Félagið ákveður hlutfall starfsorkumissis á hverjum tíma á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Þótt fleiri en ein orsök sé að baki starfsorkumissinum greiðast bætur að hámarki sem nemur þeirri mánaðarlegu fjárhæð og bótatíma sem tilgreint er í váttryggingarskírteini. Þrátt fyrir endurnýjun váttryggingarinnar greiðast bætur vegna afleiðinga sama slyss, sjúkdóms eða læknisfræðilega tengdra atvika samanlagt aldrei lengur en í þann bótatíma sem kemur fram í váttryggingarskírteini.

Þegar skemmra en 3 mánuðir líða á milli bótaskyldra óvinnufærnistímabila án þess þó að bótatíma sé lokið hefjast bótagreiðslur að nýju án nýs biðtíma þar til eftirstöðvar bótatíma klárast. Í öðrum tilvikum er litið svo á að um nýjan váttryggingaratburð sé að ræða óháð orsök starfsorkumissis og hefjast bótagreiðslur þá fyrst að loknum lágmarks óvinnufærnistíma og biðtíma, þó aldrei fyrr en 12 mánuðir eru liðnir frá síðustu bótagreiðslu.

Bætur greiðast aðeins gegn framvísun útgefna kvittana/reiknings fyrir útlögðum kostnaði vegna afleysingarfólks eða aðkeyptrar þjónustu, sem sérstaklega var stofnað til vegna starfsorkumissis váttryggðs og eru viðbót við hefðbundinn kostnað við búreksturinn.

5. gr. Aldursmörk

Ábyrgð félagsins fellur niður gagnvart váttryggðum þegar hann hefur náð 75 ára aldri. Engar bætur greiðast eftir að váttryggður nær 75 ára aldri þótt váttryggingaratburður hafi orðið fyrir þann tíma.

Skilmálar þessir gilda frá 1. apríl 2025